



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 04. mars 2025, fundur hófst kl 20:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Katla Gísladóttir, Sigurbjörn Eiríksson, Lárus Sindri Lárusson, Haraldur Pétursson, Ragnar Stefánsson.

Fjarverandi: Davíð Áskelsson, Hermann Vilmundarson

1. Fjármál félagsins

Staðan nokkuð góð í dag en við erum samt að fara inn í kostnaðarsamt tímabil en einnig eru að koma inn tekjur á móti.

2. Aðalfundur

Farið yfir undirbúning á komandi aðalfundi. Lárus er byrjaður á að vinna Fjárhagsáætlun sem kynnt verður á Aðalfundinum, verið er að taka saman tekjupósta og kostnaðarliði.

Laganefndin hittist yfir þær breytingar sem hafa verið sendar inn.

Senda þarf út auglýsingu um Aðalfundinn og jafnframt auglýsa þau stjórnarstæti sem eru laus að þessu sinni, alls 3 sæti.

3. Tryggingarmál

Ákveðið að fresta yfirferð tryggingarmála fram á haust.

4. Viðrunarhólf

Reglur fyrir viðrunarhólfin eru tilbúnar, fólk beðið um að lesa yfir og koma með athugasemdir ef einhverjar eru.

5. HRFI og vökvun

Vökvun fór í gang aðfararnótt laugardags á meðan á sýningu HRFi stóð, tjón varð á teppi og verðlaunagripum. Það þarf að vera til tékklisti fyrir alla viðburði og þarf að vera vistaður á sameiginlegt drif þannig að allir geti viðhaldið skjalinu.

6. Heyplast

Tilboð komið frá nokkrum aðilum í losun á baggplast, tvö álitleg. Ragnar stillir upp þessum tveim möguleikum og ákvörðun verður tekin í framhaldi af því.

7. Niðurfall norðan við Samskipahöll

Ákveðið að senda bréf á Kópavogsbæ til að kanna hvort þeir vilja taka þátt kostnaði við að koma fyrir niðurföllum norðan megin við Samskipahöllina. Samþykkt var að fara í framkvæmdina, enda mikilvæg og tækifárið gott þar sem verið er að opna svæðið fyrir lagningu vatnslagnar.

8. Dymbilvikusýning

Ákveðið að setja sýninguna á dagskrá og manna nefnd til að sjá um framkvæmdina.

9. Ljós í Húsasmiðjuhöllinni

Rætt um endurnýjun ljósa í Húsasmiðjuhöllinni, Ragnar tekur það mál áfram.

10. **Önnur mál**

Ekkert rætt hér.

Fundi slitið kl. 22:40

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson